

Ársskýrsla 2007

ÍSLENSKA FRIDARGÆSLAN





ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Útgefandi: Utanríkisráðuneytið 2008
www.utanrikisraduneyti.is

Hönnun og umbrot: Vilborg Anna Björnsdóttir

Ljósmyndir á kápu:

Efri mynd til vinstri: Stúlka í Palestínu / © Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna

Efri mynd til hægri: Götumynd frá Balkanskaga / © Sameinuðu þjóðirnar

Neðri mynd til vinstri: Öldungur í Afganistan / © Sveinbjörn Berentsson

Neðri mynd til hægri: Líberískar baráttukonur / © Guðrún Sif Friðriksdóttir

Aðrar ljósmyndir: Ýmsir, sjá myndatexta

Prentun: Gutenberg

ISSN 1670-7974

ÍSLENSKA FRIDARGÆSLAN

Ársskýrsla 2007



Samstarfsaðilar
Íslensku friðargæslunnar erlendis



Efnisyfirlit

Framlag Íslands til friðar og öryggis	5
Litið um öxl	6
Afganistan	8
Srí Lanka	13
Írak	15
Palestína	16
Líbanon	18
Fyrstu íslensku friðargæsluliðarnir	20
Súdan	21
Líbería	22
Samstarf við UNIFEM á Balkanskaga	24
Lögregluverkefni ESB	27
Kosningaeftirlit	28
Kynjaskipting í Íslensku friðargæslunni 2007	29
Rekstrartölur	30

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
utanríkisráðherra



Framlag Íslands til friðar og öryggis

Starf í þágu friðar og friðsamleg lausn deilumála er ein af megináherslum á sviði utanríkismála í stefnulýsingu ríkisstjórnarinnar. Þátttaka Íslands í friðargæsluverkefnum og endurreisnarstarfi er mikilvægt framlag ríkis sem er eitt af 24 herlausum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og eina herlausa aðildarríki NATO. Almennigur á Íslandi vill að Íslendingar séu friðflytjendur í alþjóðlegu samfélagi og leggi af mörkum þar sem við getum.

Íslenska friðargæslan er borgaraleg starfsemi. Það er styrkur hennar og sérkenni. Dýrmæt reynsla, sérþekking eða menntun úr íslensku samfélagi hefur ítrekað sannað gildi sitt á stríðshrjáðum svæðum. Ísland hefur lært af reynslu og fært áherslur sínar þangað sem best fer að hafa þær.

Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 fjallar um nauðsyn aðkomu kvenna að því að skapa frið og öryggi. Ályktunin undirstrikar mikilvægt hlutverk kvenna í friðsamlegri lausn vopnaðra átaka og friðaruppbygginu. Nýlega kom út áætlun Íslands um framkvæmd ályktunarinnar en hún byggir á grundvallarþáttum íslenskrar utanríkisstefnu sem felast í virðingu fyrir mannréttindum, aukinni þróunarsamvinnu og áherslu á friðsamlega lausn deilumála.

Íslenska friðargæslan hefur að undanfögnu lagt aukna áherslu á samstarf við Sameinuðu þjóðirnar og stofnanir þeirra við val á verkefnum. Þátttaka kvenna í friðargæslu hefur farið vaxandi en hátt í 60 konur hafa farið á vettvang til lengri tíma á vegum Íslensku friðargæslunnar á síðastliðnum áratug. Íslenskir friðargæsluliðar taka þátt í verkefnum á fjórum meginsvæðum í heiminum: í Afganistan, í Mið-Austurlöndum, á Balkanskaga og í Afríku.

Verkefnaval og áherslur í starfi Íslensku friðargæslunnar munu í auknum mæli taka mið af aukinni þátttöku Íslands við friðsamlega lausn deilumála. Áhersla er lögð á þátttöku í borgaralegu uppbyggingar- og endurreisnarstarfi. Íslenska friðargæslan á til framtíðar að verða stolt Íslendinga.



Anna Jóhannsdóttir
skrifstofustjóri Íslensku friðargæslunnar

Litið um öxl

Árið 2007 var mikilvægt ár í starfsemi Íslensku friðargæslunnar því þá urðu ýmsar mikilvægar breytingar í starfsumhverfi og umgjörð, auk þess sem áherslur og stefnumörkun hafa tekið breytingum og þróast verulega.

Heildstæð löggjöf um íslenska friðargæslu og þátttöku hennar í alþjóðlegum verkefnum voru samþykkt af Alþingi og tóku lögin, nr. 73/2007, gildi þann 5. apríl það ár. Lengi hafði verið unnið að því að setja heildstæða löggjöf um starfið og verkefnin, þar sem þátttaka í friðargæsluverkefnum á erlendri grund og útsending sérfræðinga til slíkra starfa er nokkuð sérstaks eðlis. Þau lög sem giltu um utanríkisþjónustuna og opinbera starfsmenn náðu ekki fyllilega að taka á öllum þeim atriðum sem rétt var talið að tilgreina í slíkri heildarlöggjöf.

Á grundvelli laganna setti utanríkisráðherra siðareglur sem taka til Íslensku friðargæslunnar og voru þær birtar sem reglugerð nr. 960/2007. Bæði lögin og siðareglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu utanríkisráðuneytisins á svæði friðargæslunnar.

Friðargæsluverkefnin hafa tekið allnokkrum breytingum þetta síðasta starfsár. Lokið var verkefnum eftirlits- og upplýsingateyma í Afganistan og einnig upplýsingafulltrúa í Írak. Aukin áhersla hefur verið lögð á stöður til lengri tíma, verkefni og samstarf við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og landfræðilegar áherslur hafa færst í auknum mæli til Mið-Austurlanda og einnig Afríku. Verulega aukin áhersla hefur verið lögð á stuðning og samstarf við heimamenn til að stuðla að mannréttindum, friðaruppbyggingu og efnahagslegri þróun, einkum því sem nýtist konum í stríðshráðum löndum.

Verkefni friðargæslunnar

Verkefnin og stöðurnar hafa verið af fjölbreyttum toga og það ágæta fólk, sem fer til starfa við verkefni friðargæslunnar hefur ýmiss konar bakgrunn og reynslu. Þróunin undanfarið hefur verið í þá átt að sífellt fleiri konur hafa komið til starfa og unnið að verkefnum erlendis. Menntun og reynsla eða bakgrunnur í þróunarmálum, alþjóðasamskiptum og uppbyggingarstarfi, svo og sérhæfðari reynsla og þekking hefur verið ráðandi þáttur í vali á fólki til starfa við ný verkefni, þar sem í flestum tilvikum er kallað eftir slíkri hæfni og reynslu af hálfu okkar samstarfsaðila erlendis.


Erlendir samstarfsaðilar eru einkum Atlantshafsbandalagið (NATO), stofnanir Sameinuðu þjóðanna (UNICEF, UNIFEM, WFP), Evrópusambandið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE auk þess sem norræna eftirlitssveitin á Srí Lanka (SLMM) var starfandi út árið.

Friðargæslan hefur átt ágætt samstarf við stofnanir og fyrirtæki innanlands sem hafa sérfræðikunnáttu og fagfólk innan sinna raða sem er reiðubúið að takast á við krefjandi verkefni erlendis. Má þar nefna Ríkislögreglustjóra og lögregluembættin, Landhelgisgæsluna, Flugmálastjórn, Flugstöðir og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Utanríkisráðuneytið – friðargæslan – getur þannig, í góðu samstarfi við önnur ráðuneyti og þeirra undirstofnanir, fengið öfluga sérfræðinga til starfa sem nýtast á vettvangi og leggja alþjóðlegum samstarfsaðilum til sérfræðiþekkingu sína og viðkomandi stofnun fær til baka, að verkefni loknu, sérfræðing sem hefur aukið við sína þekkingu og aflað tengsla og öðlast víðsýni sem e.t.v. fengist ekki í starfi innanlands.

„Við þurfum að stuðla að friði með friðsamlegum hætti.“

Martin Luther King, baráttumaður fyrir mannréttindum.

Verkefni friðargæslunnar á tímabilinu 2007 - 2008



Fjöldi friðargæsluliða og kynjahlutfall

Árið 2007 störfuðu samtals 74 einstaklingar í langtímaverkefnum fyrir friðargæsluna, en stöðurnar voru um 30 talsins. Jafnframt fóru 17 manns í stuttar ferðir til þess að sinna kosningaefirliti á vegum friðargæslunnar. Því er um töluverðan fjölda starfsmanna að ræða sem friðargæslan hefur og má segja að starfsmannavelta sé mikil því stöður eru mannaðar í mislangan tíma, þó oftast sé um lengri dvöl að ræða en skemmri.

Þegar þróun kynjaskiptingar er skoðuð fyrir árið 2007 er rétt að líta til unnina mánaða, þar sem reyndin var sú að fleiri karlar skiptu með sér stöðum til skemmri tíma það árið, en konur voru frekar í stöðum til lengri tíma.

Sé horft til fyrri helmingis ársins 2007 voru hlutföll kynjanna í mann mánuðum talið um 27% konur á móti 73% karla. Síðari helming ársins 2007 voru hlutföllin 38% konur að störfum en 62% karlar. Þróunin á árinu sýnir að konur gegndu um 40-45% af öllum stöðum friðargæslunnar erlendis undir lok ársins 2007 og er því svo komið að nær jöfn kynjaskipting er orðin í hópi friðargæsluliða á vegum Ísland erlendis. Mikil breyting hefur því orðið á örfáum árum sem helgast meðal annars af breyttum áherslum og verkefnum sem höfða jafnt til kvenna sem karla.

Til að sinna kosningaefirliti fóru, eins og áður segir, 17 manns á síðasta ári, 8 konur og 9 karlar og hefur kynjahlutfall í kosningaefirliti verið nokkuð jafnt undanfarin ár.

Samráð við utanríkismálanefnd

Markvisst hefur verið unnið að því að bæta samráð og upplýsingagjöf til utanríkismálanefndar Alþingis, einkum þegar undirbúin eru ný verkefni erlendis, verulegar breytingar verða á starfsemi eða sérstakar aðstæður kalla á samráð. Ennfremur hefur nefndinni verið boðið til samráðs og boðin aðstoð við að skipuleggja heimsóknir til starfsstöðva friðargæslunnar.

Samstarfið við alþjóðabjörgunarsveitina

Alþjóðasveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar er í samstarfi við utanríkisráðuneytið um að vera á útkalls- og viðbragðslista vegna rústabjörgunar og viðbragða við hamförum erlendis. Samstarfssamningur hefur verið í gildi síðan haustið 2006 og styður friðargæslan sveitina til samráðs og til að hafa viðbúnað til þess að takast á við verkefni þegar þörf krefur. Unnið hefur verið að því að endurskoða samstarfssamninginn frekar með hliðsjón af því að utanríkisráðuneytið leggur sveitinni til húsnaði á öryggissvæðinu við Keflavíkurlugvöll, en það getur stytt viðbragðstíma verulega. Áætlað er að ganga frá uppfærðum samningi fyrir mitt ár 2008.



Sveinbjörn Berentsson

Stoltur ættfaðir með börn og barnabörn.

Afganistan

Umfangsmesta verkefni Íslensku friðargæslunnar er í Afganistan. Frá árinu 2003 hefur Ísland tekið þátt í verkefni alþjóðaöryggissveitanna ISAF (International Security Assistance Force) sem starfa í umboði öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna en er stýrt af Atlantshafsbandalaginu. Flest vestræn ríki taka þátt í verkefninu, bæði með liðsafla og fjárframlögum, þar með talðar allar Norðurlandþjóðirnar. Síðla árs 2007 voru tæplega 40 þjóðir með fólk að störfum við verkefnið, en mun fleiri leggja til fjármuni og aðstoð við uppbyggingu landsins.

Íslenska friðargæslan starfaði á þremur stöðum í Afganistan árið 2007, í höfuðstöðvum ISAF í Kabúl, á Kabúlflugvelli og í héraðsuppbyggingarsveit (Provincial Reconstruction Team) í Ghorhéraði í borginni Chagcharan. Í Afganistan voru að jafnaði 13-15 stöðugildi árið 2007 sem var svipaður fjöldi og árið áður, en ríkari áhersla var lögð á fjárhagslegan stuðning við verkefni í tengslum við þróunarverkefni og uppbyggingu, svo og framlagi til sjóða sem vinna að umbótum á sviði réttarfars og baráttu gegn eiturfjarækt.

Eðli starfa íslenskra friðargæsluliða breyttist nokkuð á árinu 2007 því þátttöku í eftirlits- og upplýsingateymi MLOT (Mobile Liason Observation Team) var hætt í byrjun apríl. Þess í stað fjölgaði nokkuð stöðum í tengslum við rekstur alþjóðaflugvallarins í Kabúl eða í átta til níu stöður seinni hluta ársins. Starfsmönnum var einnig fjölgað í höfuðstöðvum, þar sem fjórir einstaklingar störfuðu, flestir á skrifstofu sérlegs borgaralegs fulltrúa Atlantshafsbandalagsins í Afganistan og á fjölmiðla-skrifstofu ISAF.

Stuðningur við rekstur Kabúlflugvallar er mikilvægur í ljósi þess að flugvöllurinn er lífæð alls hjálparstarfs í landinu og stuðningur við öryggi þess. Verkefni alþjóðasamfélagsins snýr að því að tryggja stöðugleika og öryggi í Afganistan auk þess að aðstoða Afgana við þjálfun og endurreisn þeirra innviða stjórnsýslunnar sem stuðla að því að Afganar geti byggt upp eigin efnahag og samfélag að nýju.

Litlar vatnsaflsvirkjanir

Íslenska friðargæslan gekk frá þriggja ára samningi við félaga-samtökin IAM (International Assistance Mission) um smíði lítilla vatnsaflsvirkjana í Ghorhéraði í apríl 2007. Samningurinn kveð-ur á um að byggðar verði allt að tuttugu litlar virkjanir.

Haustið og veturinn voru nýtt til vatnamælinga, framleiðslu varahluta og staðarvals fyrir verkefni ársins 2008. Undirbún-ingsferlið er langt en mælingarnar voru byggðar á forgangs-lista þróunnarráðs héraðsins. IAM og þróunnarráð héraðsins ákveða endanlega staðsetningar en þær sýslur og þau svæði sem uppfylltu tæknileg skilyrði hafa verið valin.

Verkefnið byggir á hugmyndum um þátttökuþróun. IAM reisir ekki virkjanirnar fyrir þorpin heldur er gerður skriflegur samn-ingur á milli IAM og þorpsráða. IAM sér fyrst og fremst um að útvega varahluti og byggingarefni auk kennslu og verkefna-stjórnunar. Þorpsbúar annast sjálfir virkjanagerðina. Þorpsráðið sér um að velja þá sem sjá um múrverkið og ábyrgist að greiða þeim laun. Ráðið sér einnig um að velja tvo aðila sem hljóta grunnþjálfun í rafvirkjun, en þeir þurfa að geta leitt rafmagn frá deifingarstöðinni inn á heimilin. Eftirlit og viðhald er einnig á þeirra ábyrgð að loknum framkvæmdum. Varahlutakostn-aður er á ábyrgð þorpsbúa.

Þar sem um námsferli er að ræða tekur í það minnsta fjóra mánuði að ljúka við smíði hvernir virkjunar. Starfsmenn IAM eru ekki stöðugt á vettvangi heldur ferðast á milli verksvæða. Takmarkið er ekki að ljúka framkvæmdum á sem stystum tíma heldur að kenna þorpsbúum að reisa virkjanir og viðhalda þeim. Aðkoma heimamanna frá upphafi stuðlar að sjálfbærni, en í ljós hefur komið að skilyrðið um þátttöku ýtir undir það að þorpin eignu sér verkefnið. Hvert þorp undirritar eignarhalds-skjal eftir að virkjunin hefur gengið án tæknilegra örðugleika í einn mánuð. IAM er þorpunum þó innan handar og veitir tæknilega leiðsögn tveimur árum eftir að smíði hvers klasa lýkur.

Til að stuðla að sjálfbærni nægir ekki að fjármagna smíði virk-jananna og þjálfa þorpsbúa. Varahlutir þurfa einnig að vera fáanlegir í héraðinu. Samkvæmt samningnum er því einn maður frá héraðshöfuðstaðnum Chaghcharan kostaður í grunnnám í logsuðu og vélvirkjun. Um er að ræða þriggja mánaða verknám í Kabúl. Honum hefur verið veitt lán til að opna lítið verkstæði og IAM hefur útvegað nauðsynlegustu verkfæri.

Vatnsaflsvirkjanir eru afar eftirsóknarverðar í Ghor og fleiri lönd hafa fjármagnað samskonar verkefni. Ísland hefur lagt mesta áherslu á hvers kyns þjálfun og stoðþjónustu sem er mik-illvæg eigi verkefnið að gera sig sjálf.

Réttaraðstoðarverkefni

Íslenska friðgæslan og International Legal Foundation, Afghan-istan (ILF-A) undirrituðu eins og hálfis árs samstarfssamning í



Jónas G. Allansson

Ung stúlka sækir sér vatn í þorpsbrunninn.

apríl 2007. Markmiðið með samstarfinu er að leggja grunn að bættri réttaraðstoð fyrir íbúa Ghorhéraðs. Verkefnið hófst 1. maí með opnun skrifstofu ILF-A í héraðshöfuðstaðnum Chaghcharan. Sérstök áhersla var lögð á að aðstoða hópa, sem búa almennt við slæma réttarstöðu í Afganistan, s.s. konur, börn og fólk sem tilheyrir þjóðernisminnihlutum. Málefni fanga voru einnig viðfangsefni lögmans ILF, en fjölmargir sitja í fangelsum án þess að hafa fengið sanngjarna eða eðlilega málsmeðferð.

Lögmaður ILF-A hefur staðið fyrir fræðslu um lögfræðileg mál-efni og réttarstöðu almennings og opinberra starfsmanna. Árangur af starfinu skilaði sér í bættri málsmeðferð og fag-mennsku meðal dómara, saksóknara, lögreglu og fangavarda.

Þá starfar ILF-A í nánú samstarfi við ýmis mannréttindasamtök í Ghorhéraði og á landsvísi, veitir skrifstofu kvennamálaráðu-neytisins í héraðinu lögfræðiráðgjöf, auk þess að vinna með fulltrúum mannréttindaráðgjafa Sameinuðu þjóðanna. Tveir aðstoðarmenn starfa á skrifstofunni auk lögmansins, einn karlmaður og ein kona, konan er tengiliður ILF-A við útibú kvennamálaráðuneytisins í héraðinu. ILF-A hefur tryggt sér fjár-magn til að halda áfram ókeypis málsvarnarþjónustu í hér-aðinu. Sjálfbærni verkefnisins er því tryggð.



„Friður þarf að komast á svo hægt sé að viðhalda honum. Friður er afurð viljastyrks, samkenndar, réttlætis og hugsýnar. Friður kemst aldrei á með aðgerðaleysi og þögn.“

Dorothy Thompson, baráttukona fyrir mannréttindum.

Almannavarnanámskeið

Íslenska friðargæslan styrkti almannavarnir Afganistans ANDMA (Afghanistan National Disaster Management Authorities) til að halda námskeið fyrir almannavarnaráð Ghor og sjálfboðaliða frá 7 af 10 sýslum héraðsins. Leiðbeinendur frá Rauða hálfmánanum sáu um þjálfunina. Alls hlutu 129 manns þjálfun, þar af 20 konur. Þátttakendum var skipað niður á fjögur vikulöng námskeið þar sem rík áhersla var lögð á réttar boðleiðir. Ekki er óalgengt að fleiri klukkustundir og allt upp í sólahringur líði frá atviki og þar til tilkynning berst héraðsalmannavarnarráðinu í Chaghcharan.

Einnig var lögð áhersla á að kenna þátttakendum rétt vinnubrögð því samgöngur liggja að mestu leyti niðri yfir vetrar-

mánuðina sökum ófærðar á vegum og oft er ómögulegt að senda aðstoð frá Chaghcharan. Brýnt er að sýslurnar og þorpin séu sem best undir hvers kyns hamfarir búin, enda eru náttúruhamfarir tíðar í Ghor. Snjóflóð eru algeng á veturna en aurskriður og flóð á vorin. Alls létust 45 manns í snjóflóðum eða vegna kulda síðastliðinn vetur í Ghorhéraði. Veturinn var sá kaldasti í áratugi.

Ljóst er að eitt almannavarnanámskeið gerir engin kraftaverk, því vandinn er ekki eingöngu í reynsluleysi heimamanna heldur einnig óblið náttúruöfl. Námskeiðið vakti ánægju, ekki síst meðal sjálfboðaliða úr sýslunum.



Ragnheiður Kolsöe friðargæsluliði að störfum í Afganistan.



Afgönsk ekkja ásamt börnum sínum.

Ragnheiður Kolsöe starfaði sem þróunarfulltrúi á vegum Íslensku friðargæslunnar í Ghorhéraði í Afganistan. Starfsstöð Ragnheiðar hefur nú verið flutt til Faryab-héraðs. Hún segir hér frá reynslu sinni af lífi og starfi á vettvangi.

„Ég er reynslunni ríkari eftir ár sem þróunarfulltrúi með uppbyggingar- og eftirlitsteyminu í Ghorhéraði í vestur Afganistan. Öllu má venjast og ég tel að ég hafi aðlagast aðstæðum skjótt, jafnt innan sem utan herbúðanna. Það eru auðvitað viðbrigði að búa við öryggisgæslu og takmarkað sjálfstæði en það er ástæða fyrir því.

Það er ekkert leyndarmál að maður á sér ekki mikið líf fyrir utan vinnuna og oft fátt annað hægt að gera til að stytta sér stundir en að vinna meira! Þar fyrir utan eru vinnudagarnir talsvert langir en í Ghor voru föstudagar rólegir enda hvíldardagar múslima. Lýsing á starfinu hljómar eflaust framandi og það er það vissulega. Engu að síður eru vinnudagarnir margir hverjir ekki alls frábrugðnir skrifstofustarfi á Íslandi. Dagarnir hefjast á morgunfundi þar sem farið er yfir stöðu mála. Síðan taka við samskipti í gegnum tölvupóst, skýrsluskrif og fundir í búðunum og niðri í bæ.

Ég hef átt lítil samskipti við almenna borgara í Afganistan, en starfið fer að mestu leyti fram bakvið skrifborð auk fundahalda með fulltrúum útibúa ráðuneytanna, héraðstjóranum og fulltrúum innlendra og alþjóðlegra félagsamtaka. Auk þess sendi ég fyrirspurnir með eftirlits- og upplýsingasveitunum til

að afla upplýsinga um staðhætti í sýslum og þorpum að ógleymdum beiðnum sem sveitirnar koma með úr ferðum þar sem sýslumenn, ráð og einstaka þorp eru að biðja um aðstoð. Auðvitað væri ekki verra ef ég gæti farið á alla staðina sem um ræðir, en þá myndi ég ekki gera mikið annað. Þróunarfulltrúinn stýrir ekki verkefnum sem Íslenska friðargæslan fjármagnar heldur felst starfið í því að koma auga á þörfina og finna frjáls félagasamtök til að framkvæma nánari þarfagreiningu og sjá um verkefnaframkvæmd og stjórnun. Sem þróunarfulltrúi þá tek ég eingöngu út verkefnin og sé til þess að þau uppfylli fyrirfram ákveðnar gæðakröfur.

Það er reyndar smá munur á íslenskrum tilveru og lífinu hér í Afganistan. Það er talsvert tilstand að fara út fyrir búðirnar, maður skreppur ekki beinlínis. Bóka þarf fylgd sem samanstendur af farartækjum, hermönnum og síðast en ekki síst túlki! Ég hef þó farið í einstaka ferðir þegar ég hef metið það svo að ég verði að mæta í eigin persónu. Ég fór til að mynda til Dowlat Yar sem er ein af tíu sýslum Ghorhéraðs. Tarkmarkið var að heimsækja sem flesta stúlkaskóla í nærliggjandi þorpum eftir að hafa farið yfir listann með yfirmanni menntamála. Hafa ber í huga að vegir í Ghor eru almennt mjög seinfarnir eða beinlínis ófærir. Við ákváðum að reyna við afskekktasta þorpið fyrst. Það leið ekki á löngu þar til við komumst að því að vegurinn eða slóðinn var eingöngu fær bifhjólum og fótgangandi. Við urðum því að snúa við og reyna við næsta áfangastað. Það reyndist ekki mikið auðveldara því skriður höfðu fallið á veginn. Við náðum í náttstað rétt fyrir myrkur, borðuðum pakkamat og skriðum ofan í svefnpokana. Það var heiðskirt og



stjörnuþjart og ekki amalegt að horfa til himins. Ég náði besta svefni til þessa í Afganistan þá um nóttina því það leggur talsverðan hávaða frá rafstöðvum í búðunum.

Seinni dagurinn hófst klukkan sex en stuttu síðar lagði ég af stað ásamt föruneysi mínu í leit að fleiri skólum. Við vorum aðeins heppnari og náðum að heimsækja þrjú af sex þorpum sem voru á listanum. Fundurinn í fyrsta þorpinu var eftirminnilegastur. Skólahald fyrir drengi fór fram innandyrna í örlitlum rýmum sem voru upphaflega byggð undir þorpsmarkaðinn og stúlkum var kennt undir berum himni.

Ég útskýrði erindið og mér og túlknum var boðið inn í eina skólastofuna ásamt skólastjórunum og kennurum. Við áttum mjög árangursríkan fund og ég var leyst út með þeim pappírnum og upplýsingum sem ég var á höttunum eftir. Á fundinum sat einn kvenkyns kennari en hún var eini kvenmaðurinn á fundinum fyrir utan mig.

Þorpshöfðinginn var ekki á því að við héldum áfram förinna án þess að við kíktum við á heimili hans. Við þáðum boðið en ítrekuðum að við gætum eingöngu stoppað stutt. Afganir eru mjög gestrisnir og grænt te og eitthvað með því er nánast án undantekninga á boðstólnum. Okkur var svo boðið að snæða hádegismat en við urðum að afþakka. Við kvöddum og héldum áleiðis í næsta dal þar sem við náðum tveimur fundum áður en við urðum að snúa við og halda heim á leið til Chaghcharan.

Gerður Kjærnested er fjölmiðlafulltrúi í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins (NATO) í Kabúl í Afganistan og starfar þar á vegum Íslensku friðargæslunnar. Gerður segir hér frá upplifun sinni af lífinu í Kabúl.

„Lífið í Kabúl er ólíkt því sem flestir Íslendingar þekkja. Borgin sem á árum áður var þekkt fyrir fegurð og fjörukt mannlíf er í dag brún, skítug og að hrúni komin. Betlandi stríðsekkjur eru

algeng sjón. Þrátt fyrir þessar aðstæður brosir fólkið á götunni og vill endilega bjóða í heimsókn. Afganar eru bjartsýnir um betri tíð.

Í starfi mínu sem fjölmiðlafulltrúi er mikilvægt að fylgjast með heimsálunum, svo hver dagur hefst á lestri helstu fjölmiðla og svo starfsmannafundi þar sem farið er yfir verkefni dagsins. Dagarnir innan veggja herstöðvarinnar eru langir, unnið er sex til sjö daga vikunnar, 12-14 tíma í senn. Þrátt fyrir mikla vinnu líður tíminn hratt og dagarnir eru margbreytilegir. Suma daga skipulegg ég heimsóknir erlendra fréttamanna til Afganistan og fylgi þeim um borg og bý. Aðra daga snýst vinnan um að undirbúa blaðamannafund eða viðtal dagsins. Enn aðra daga sit ég fundi með fulltrúum NATO og alþjóðasamfélagsins og legg á ráðin um starfið sem framundan er.

Ég hef notið þeirra forréttinda að hitta margt ólíkt og áhugavert fólk, allt frá kvikmyndastjórnnum við góðgerðarstörf til stjórnmálaleiðtoga, þekktra fréttamanna og innlendra afreksmanna. Þó eru samtölin við afgönsku samstarfsfélagana það helsta sem eftir situr. Meðal afganskra fréttamanna eru hetjur sem eftir fall Talibanastjórnarinnar birta nú fréttir af spillingu innan stjórnarinnar, misnotkun á börnum og konum og voðaverkum Talibana ásamt gagnrýni á alþjóðasamfélagið. Við þetta nýtilkomna málfrelsi hriktir ósjaldan í stoðum hins íhalds-sama afganska samfélags og dirfska fréttamannanna ber framförumum glöggt vitni.

Gagnsæi og heiðarleg upplýsingamiðlun til umheimsins er einn mikilvægasti þátturinn í starfi ISAF. Alþjóðaliðið er í landinu að ósk afgönsku ríkisstjórnarinnar og með yfirgnæfandi stuðningi íbúa (um 70% skv. óháðum könnunum) en sá stuðningur er til grundvallar veru ISAF í landinu.“



Davíð Örn Guðjónsson eftirlitsmaður á fundi með heimamönnum.

Srí Lanka

Verkefni Íslensku friðargæslunnar á Srí Lanka 2007

Þjóðernisátökin á Srí Lanka hafa staðið með hléum í á þriðja áratug og kostað 100.000 mannlíf, auk þess sem 300.000 manns hafa misst heimili sín. Þjóðernissinnaðir Tamílar undir forystu skæruliðasamtaka Tamíl Tígra (LTTE) eiga í deilum við stjórnvöld á Srí Lanka um aukna sjálfstjórn Tamíla í norður- og austurhluta landsins.

Í kjölfarið á vopnahléssamkomulagi LTTE og stjórnvalda, sem undirritað var fyrir milligöngu Norðmanna 2002, var norrænu eftirlitsveitinni SLMM (Srí Lanka Monitoring Mission) komið á laggirnar. Eftirlitsfólkið var óvopnað en báðir deiluaðilar veittu SLMM öryggistryggingar auk þess að heita fullri aðstoð við eftirlit vopnahlésins. Allar Norðurlandþjóðirnar: Íslendingar, Norðmenn, Svíar, Danir og Finnar lögðu til fé og starfsfólk til SLMM. Alls störfuðu um 60 norrænir eftirlitsmenn ásamt 60 heimamönnum hjá SLMM þegar mest lét. Íslendingar mönnuðu stöðu fjölmiðlafulltrúa SLMM frá upphafi og nokkrar stöður eftirlitsfólks þar að auki.

SLMM hafði aðalstöðvar í höfuðborginni Kólumbó auk sjö starfstöðva á norður- og austurhluta eyjarinnar. SLMM starfrækti einnig flotaeftirlitsteymi í nánú samstarfi við flota LTTE og stjórnvalda. Starfsemi SLMM fólst í eftirliti og skráningu á vopnahlésbrotum ásamt samskiptum við almenna borgara og fulltrúa deiluaðila. Í öllum umdæmunum störfuðu samstarfsnefndir skipaðar deiluaðilum ásamt vopnahléseftirlitsmönnum en markmiðið með nefndunum var að leysa deilumál og koma

með ábendingar um það hvernig vopnahléinu væri best fylgt eftir. Starfsemi SLMM snéri fyrst og fremst að því að fylgjast með átökum og brotum deiluaðila en jafnframt að tryggja öryggi og stöðu almennra borgara.

Fyrstu ár samkomulagsins, frá 2002 til 2004, einkenndust af gagnkvæmum vilja deiluaðila til að heiðra flesta þætti samkomulagsins og tók SLMM virkan þátt í að miðla málum og styðja deiluaðila í að vinna að friðvænlegum lausnum.

Sumarið 2004 hófust innbyrðis átök í fylkingu Tamíl Tígra þar sem austurarmur samtakanna klauf sig frá meginfylkingunni. Klofningurinn leiddi af sér alvarlegri skæmur og manndráp á austurhluta Srí Lanka. Í kjölfarið sökuðu Tamíl Tígrar stjórnvöld um að styðja við bakið á klofningshópnum Karuna sem virtist geta farið sínu fram án afskipta stjórnarhersins. Klofningurinn setti SLMM í erfiða stöðu enda klofningshópurinn ekki beinn aðli að vopnahléinu og því erfitt að koma á sáttum eða skera úr um ábyrgð. Talsverðar sviptingar urðu líka í stjórn landsins þegar nýr þjóðernissinnaður meirihluti tók við ríkisstjórn.

Um mitt ár 2005 jókst spennan til muna þegar Tamíl Tígrar hófu að beina árásum sínum að stjórnarhernum og pólitískum leiðtogum er fylgdu stjórnvöldum að málum. Árás Tamíl Tígra á herskip stjórnarhersins með flotaeftirlitsmanni frá SLMM um borð leiddi til þess að flotaeftirlit SLMM var tekið til endurskoðunar og því frestað. Evrópusambandið skilgreindi Tamíl Tígrana sem hryðjuverkasamtök haustið 2006 og í framhaldi af þeirri ákvörðun lýstu Tígrarnir því yfir að þeir gætu ekki tryggt öryggi vopnahléseftirlitsfólks frá aðildarlöndum sambandsins (Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku). Öll Norðurlöndin héldu áfram að leggja fé

Í NÆRMYND



Þórhallur Árnason lögreglumaður starfar á vegum Íslensku friðargæslunnar við lögregluverkefni Evrópusambandsins á Balkanskaga. Þórhallur starfaði áður sem friðargæsluliði bæði á Balkanskaga og á Srí Lanka. Þórhallur deilir hér reynslu sinni af því að vinna á Srí Lanka fyrir Íslensku friðargæsluna.

Friðargæsluliði: Þórhallur Árnason.

Fæddur: Reykjavík, 2. janúar 1965.

Menntun: Lögregluskóli Íslands.

Fyrri störf: Lögreglumaður í 20 ár, bæði í Reykjavík og á Eskifirði.

„Í september 2007 fór ég til friðargæslustarfa hjá norrænu eftirlitsveitinni SLMM á Srí Lanka. Á móti mér tók land fegurðar, sögu, andstæðna og langvarandi stríðsátaka. Það var tekið mjög vel á móti okkur og allt skipulag til fyrirmyndar. Fyrstu dagarnir fóru meðal annars í að sitja námskeið í höfuðstöðvum SLMM í Kólombó þar sem veitt var fræðsla um þau atriði sem vörðuðu starfsemina, stríðið, vopnahléssamninginn, öryggismál, menningu, hefðir og fleira.

Minn starfsvettvangur var í Vavuniya sem er bær norðarlega í landinu og nokkra kílómetra frá víglunni. Á leiðinni þangað tók ég eftir hvað vegakerfið versnaði eftir því sem norðar dró og einnig varð ég var við fleiri hermenn og vegartálma lögreglu og hermanna stjórnarinnar.

Ég og Christine Konglund, sem er lögfræðingur frá Noregi, komum til Vavuniya seinnipart dags og það var vel tekið á móti okkur. Vavuniya er ákaflega óvistlegur staður á margan hátt en eftir að hafa verið þarna í nokkrar vikur fór vistin að venjast. Stór hluti fólks í bænum voru Tamílar en lögregla og hermenn stjórnarhersins voru með miklar öryggisráðstafanir, enda voru morð ekki óalgeng sem og aðrar skærur við Tamíl Tígra.

Það var nóg að gera hjá okkur flesta daga. Stríðsátökin höfðu farið vaxandi á milli stjórnarhersins og Tamíl Tígra og greinileg aukning á hernáðarumsvifum. Flest kvöld og oft fram á nætur heyrðum við fallbyssuskothríð og það var skrytið að festa svefn fyrstu næturnar við þennan hávaða og hundgá en gríðarlega mikið er af villihundum í Vavuniya. Þeir fara um í flokkum á kvöldin og á nóttunni.

Starfið var fjölbreytt, skemmtilegt en oft erfitt. Við fórum meðal annars á fundi hjá yfirmönnum lögreglu, stjórnarhersins og hjá ýmsum alþjóðahjálparsamtökum og heimsóttum flóttamannabúðir. Einnig var tekið við kvörtunum heimamanna, unnar skýrslur og reynt að fylgja málum eftir. Við urðum oft vitni að mannlegri eynd, ofbeldi og miskunnarleysi í sinni verstu mynd.

Þann 2. janúar 2008 ákváðu stjórnvöld á Srí Lanka að segja vopnahléssamningnum upp og því var starfsemi SLMM lögð niður. Næstu tvær vikur þar á eftir fóru í að ganga frá öllu og tæma skrifstofur og íbúðarhúsnæði. SLMM ákvað að gefa megnið af öllum húsbúnaði og öðru til munaðarleysingjaathvarfa og sjúkrahúsa. Norræna eftirlitsveitin, sem samanstóð af um 30 Íslendingum og Norðmönnum, skilaði frábæru starfi við oft mjög erfiðar aðstæður þann tíma sem ég var þarna við störf.

til verkefnisins en Íslendingar og Norðmenn juku við fjölda eftirlitsmanna. Íslendingar mönnuðu tíu stöður eða þriðjung stöðugilda og Íslendingur gegndi jafnframt stöðu næstráðanda í verkefninu auk þess sem fjölmiðlafulltrúinn var íslenskur.

Í lok árs 2006 færðust átökin á austurhluta eyjarinnar frá smáskærum yfir í stríðsátök. Framundir lok ársins 2006 leitaðist SLMM við að halda úti venjubundinni starfsemi þrátt fyrir harðnandi átök og spennu milli deiluaðila. Snemma árs 2007 var tekin ákvörðun um að endurskipuleggja starfsemi SLMM til að laga hana að breyttum aðstæðum í landinu og nýjum öryggissjónarmiðum. Flestir eftirlitsmenn voru kallaðir til bráðabirgðahöfuðstöðvar rétt utan við Kólombó þar sem unnið var að því að laga verkefnið að harðnandi átökum jafnframt því sem farnar voru styttri eftirlitsferðir á starfstöðvar SLMM úti á landsbyggðinni og á vettvang vopnahlésbrota. SLMM hélt eftir sem áður opinni skrifstofu í Kólombó og tenglaskrifstofu við Tamíl Tígra í Kilinochi.

Endurskipulagningin skilaði sér í breyttum áherslum er miðuðu allar að því að styrkja stöðu SLMM gagnvart báðum deiluaðilum. Einnig tókst að bæta sveigjanleika verkefnisins svo að hægt væri að aðlagast starfið að síbreytileika átakanna án þess að það tapaði gildi sínu. Þá var mikil vinna lögð í að bæta áhættumat og öryggismál í allri starfsemi SLMM. Í framhaldi af breytingunum var ráðið starfsfólk með fjölbreyttari bakgrunn en áður hafði tíðkast, m.a. til að styrkja upplýsingamiðlun og greiningarvinnu.

Vegna harðnandi átaka varð ljóst að SLMM gæti ekki fylgt eftir öllum þeim fjölda brota sem áttu sér stað í þungamiðju átakanna. Meiri þungi var lagður í að vinna með deiluaðilum að því að tryggja öryggi borgara á átakavæðum og taka við upplýsingum frá almenningi og kvörtunum vegna framkomu stríðandi fylkinga, s.s. vegna pólitískra ofsókna, mannrána, pyntinga og morða. Starfsmenn SLMM hófu aftur fasta viðveru á starfstöðvum sveitanna sumarið 2007 á austurhluta eyjunnar í Trincomalee og Batticaloa, en einnig í Vavuniya og á Jaffna-skaga í norðurhlutanum.

Stjórnarherinn lýsti yfir sigri á austurhluta Srí Lanka sumarið 2007, þó minni skærur og hryðjuverk haldi áfram. Í framhaldi af sigrinum hófst ný sókn stjórnarhersins í norðurhlutanum inn á hefðbundið yfirráðasvæði Tamíl Tígra í Vanni. Þann 2. janúar 2008 ákváðu stjórnvöld á Srí Lanka að segja vopnahléssamningnum upp og því var starfsemi SLMM sjálfhætt.



Jónas G. Allansson ræðir við fjölmiðlafulltrúa á friðarskrifstofu stjórnvalda.

Jónas G. Allansson er fyrrum framkvæmdastjóri norrænu eftirlitssveitarinnar á Srí Lanka. Jónas segir hér frá reynslu sinni af vettvangi.

„Ég gegndi starfi framkvæmdastjóra norrænu eftirlitssveitarinnar SLMM sem hafði eftirlit með vopnahléssamningnum á Srí Lanka. Höfuðstöðvar eftirlitssveitarinnar voru í borginni Kólombó á vesturströnd eyjarinnar. Starfið fólst fyrst og fremst í framkvæmdastjórn og rekstri auk þess sem drjúgum tíma var varið í samskipti og tengsl við fulltrúa stjórnvalda og alþjóðastofnana. Í SLMM störfuðu undir það síðasta u.þ.b. 30 eftirlitsmenn frá Noregi og Íslandi, ásamt heimamönnum. Þetta litla verkefni hafði sterka stöðu í hugum heimamanna og alþjóðasamfélagsins og því fylgdi mikil ábyrgð.

Bróðurparturinn af tímanum í höfuðstöðvunum fór í fundi og skýrslugerð. SLMM sendi frá sér vikulega skýrslu þar sem fjallað var um þróun atakanna og sérstaklega áhrif þeirra á líf almennra borgara. Eftirlitsfólkið í starfsstöðvum SLMM sendi reglulegar upplýsingar um stöðu mála í héraði, sem síðan var safnað saman í opinbera heildarskýrslu í hverri viku. Mörg alþjóðleg samtök hafa lýst því yfir að skýrslurnar hafi verið eina sómasamlega heimildin um aðstæður heimamanna og átökin en þær veittu líka deiluaðilum ákveðið aðhald.

Starfsemi SLMM tók miklum breytingum síðasta árið enda þurfti að aðlagja verkefnið, sem upphaflega var skipulagt sem vopnahléseftirlit, að harðnandi átökum og minnkandi friðarvilja. Kannski snerist sú vinna fyrst og fremst um friðaruppbyggingu í stað friðargæslu, enda ekki mikill friður eftir til að varðveita, en þess háttar starf krafðist víðtækari sérfræðipækkingar og annars konar nálgunar.

Það var áhugavert en mjög krefjandi að vinna með fólki í andstæðum fylkingunum og kynnast þeirri heimsmynd og skýringum sem það lagði til grundvallar í baráttunni. Það sem eftir situr er allur sá fjöldi almennra borgara sem hefur orðið og mun halda áfram að verða fyrir barðinu á borgarastríðinu á Srí Lanka.“

Írak

Íslenska friðargæslan tók þátt í verkefni Atlantshafsbandalagsins (NATO) í Írak þar til í ágúst 2007. Friðargæslan mannaði þar stöðu upplýsingafulltrúa þjálfunarverkefnis NATO í Bagdad frá 2005.

Steinar Þór Sveinsson starfaði sem upplýsingafulltrúi hjá NATO í Írak. Hann skrifar um reynslu sína af störfunum á vettvangi.

„Það sem hefur komið mér á óvart í þessu fjölþjóðlega hernaðarumhverfi er hve mikið af þeim störfum er rúmast innan þess eru í raun venjuleg borgaraleg störf. Maður hefur á tilfinningunni þegar maður horfir á þetta að heiman að það standi allir á víglínunni og skjóti úr byssu en reyndin er allt önnur. Stærsti hluti starfsins er borgarlegur s.s. rekstur samskipta- og tölvukerfa, rekstur húsnæðis, skipulagning vöru- og fólksflutninga, starfsmannahald og svo mætti lengi telja. Það gleymist því miður oft í umræðunni að stærsti hlutinn af starfsemi NATO og fjölþjóðaliðsins er unninn fjarri víglínunni og svipar í flestum tilfellum til hefðbundinna borgarlegra starfa.

Þegar ég lít til baka og hugsa til rúmlega árs dvalar í Írak kemur sú hugsun alltaf upp í huga mér hvað þetta gekk vel þrátt fyrir að ýmislegt hafi gengið á. Það var virkilega áhugavert og gefandi að starfa í samhentum og fjölþjóðlegum hópi við krefjandi kringumstæður. Aðstæður voru þannig að það var ekki pláss fyrir litlu vandamálin heldur urðu menn að einbeita sér að þeim stóru. Við slíkar kringumstæður myndast sterk bönd milli manna og þeim er tekið eins og þeir eru. Samt sem áður bliknuðu stóru vandamálin okkar frammi fyrir þeim vandálum sem Írakar stóðu frammi fyrir daglega. Alltaf leið mér jafn undarlega þegar Írakarnir þökkðu okkur fyrir að vera á staðnum. Þeir þökkðu okkur fyrir að yfirgefa fjölskyldur okkar í langan tíma og fyrir að leggja okkur alla fram í störfum okkar í landi sem þeir vissu að myndi alltaf vera okkur fjarlægst.

Mér fannst mín fórn lítil í samanburði við þeirra. Írökum fannst við fórna miklu að vera fjarri fjölskyldu og vinum í langan tíma. Þeir spurðu mikið um fjölskylduhagi, heilsuðu okkur með handabandi á hefðbundinn máta og settu svo hægri hönd yfir hjartastað og drupu lítilliga höfði. Hin hlýjasta kveðja.“



Steinunn Guðrún Björgvinsdóttir friðargæsluliði að störfum í Palestínu.

Palestína

Íslenska friðargæslan hóf þátttöku í starfi Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) í Palestínu í mars 2007. Steinunn Guðrún Björgvinsdóttir starfar hjá UNICEF í Jerúsalem sem fulltrúi Íslensku friðargæslunnar. Starf Steinunnar felst í barnavernd, meðal annars í samstarfi við félagsamtök á svæðinu, samstarfi við yfirvöld á hernumdu svæðunum í Palestínu, heimsóknum á Vesturbakkann og samstarfi við skrifstofu UNICEF á Gaza. Steinunn segir hér frá störfum sínum á vettvangi.

„Ég hóf störf hjá UNICEF í mars 2007 eftir að Íslenska friðargæslan og UNICEF hófu samstarf um að senda fólk til starfa og er ég því fyrsti einstaklingurinn sem starfar á vegum Íslensku friðargæslunnar hjá UNICEF. Áður en ég hóf störf þá velti ég að sjálfsögðu fyrir mér hvernig starfið yrði og í hverju það nákvæmlega fælist. Það tók mig smá tíma að tileinka mér orðfærið en allir sjöttíu starfsmenn UNICEF í Palestínu tóku vel á móti mér og mér fannst ég strax velkomin.

Hjá barnaverndarluta UNICEF í Palestínu störfum við með það að markmiði að skapa öruggt umhverfi fyrir börn. Starfið fer einkum fram á þremur stigum í gegnum lög og reglur kerfi og þjónustu og í gegnum samfélagið. Sem félagsráðgjafi felst starf mitt helst í að hafa áhrif á þróun félagslega kerfisins og þjónustu. Þetta útlæggst að mestu sem samstarf við félagsmálaráðuneytið þar sem við reynum að byggja upp tengslanet þeirra sem fást við barnavernd, þar sem mismunandi sérfræðingar

greina, vísa áfram og halda utan um mál barna sem beitt hafa verið ofbeldi. Það felur einnig í sér starf með frjálsum félagsamtökum sem bjóða fram mismunandi þjónustu til handa þessum börnum sem hafa verið misnotuð og beitt ofbeldi. Mitt starf með þessum samtökum felst að mestu í tæknilegri aðstoð ef svo má kalla, veita þeim ráðgjöf og aðstoð og tryggja að verkefnin skili þeim árangri sem til er ætlast.

Það sem kom mér mest á óvart, þegar ég kom fyrst hingað til Palestínu, var það stig ofbeldis sem börn búa við í hversdagslífinu. Palestínsk börn verða fyrir ofbeldi frá kennurum og öðrum börnum í skólanum, frá ísraelskum hermönnum við skoðunarstöðvar og vegartálma og inni á heimilum sínum frá foreldrum og systkinum. Börn í Palestínu eru í raun mjög berskjölduð og þess vegna er það starf sem UNICEF og barnaverndarluti samtakanna sinnir svo mikilvægt.

Það getur tekið sinn toll að starfa í hringið þessara vel þekktu átaka, sem hafa staðið í yfir 60 ár. Það er erfitt að átta sig á hvar á að byrja þar sem börnin búa við svo mikla erfiðleika. En í mínum huga er starf UNICEF og annarra stofnanna á svæðinu nauðsynlegt ef við ætlum okkur að vernda réttindi barna.

Ég hef lært mikið af því að starfa hjá UNICEF á vegum Íslensku friðargæslunnar. Reynsla mín héðan hefur átt þátt í að breyta framtíðarsýn minni og gert það að verkum að ég hef ákveðið að mennta mig frekar á þessu sviði þegar störfum lýkur.“



Í NÆRMYND



Bjarney Friðriksdóttir vann við eftirlit með vopnahléssamningnum á Srí Lanka frá september 2007 og þar til stjórnvöld sögðu samningnum upp og SLMM var gert að yfirgefa landið. Hún starfaði áður á vegum UNIFEM í Kósóvó.

Friðargæsluliði: Bjarney Friðriksdóttir

Fædd: Hafnarfirði, 23. ágúst 1967

Menntun: LLM í þjóðarétti og MA í alþjóðamálum með áherslu á mannréttindi.

Fyrri störf: Verkefnisstjóri á skrifstofu UNIFEM í Kósóvó, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss og framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands

„Ég kom til starfa í bænum Trincomalee á austurhluta Srí Lanka í september, nokkrum mánuðum eftir að stjórnarherinn hafði hrakið Tamíl Tígrana á brott þaðan. Á þeim tíma sem ég dvaldist þar voru því ekki átök á svæðinu í eiginlegum skilningi en mikið um mannréttindabrot. Tamílar voru í meirihluta í austrinu en aðstæður þeirra voru slæmar.

Starf mitt laut fyrst og fremst að því að fylgjast með mannréttindamálum í austurhlutanum, skrifa skýrslur um þau og ræða við opinbera aðila, svo sem fulltrúa lögreglu og stjórnarhersins um mál einstaklinga í þeirri von að vitneskja SLMM um málið myndi hafa jákvæð áhrif á framgang þess.

Þau mál sem ég vann sérstaklega að voru handtökur, varðhald og fangelsanir án dóms og laga sem byggðu á neyðarlöggjöf sem var í gildi í landinu. Ráðaleysi lögreglunnar var algengt gagnvart vopnuðum hópum Tamíla, sem var alkunna að báru ábyrgð á mannshvörfum, mannránum og drápum á öðrum Tamílum. Ég kom einnig að vinnu í tengslum við aðstæður og réttindi fólks sem hafði flúið heimkynni sín vegna Tsunami-flóðbylgjunnar 2004 eða vegna átaka. Fólkið hafði ekki fengið að snúa til baka til heimkynna sinna þar sem herinn hafði yfirtekið landið þeirra og skilgreint sem öryggissvæði.

Íbúar austurhluta Srí Lanka bjuggu við mikinn ótta og óöryggi. Það voru á bilinu 15 til 20 mannshvörf, mannrán og morð í hverri viku í héraðinu og fórnarlömbin aðallega ungir karlmenn sem voru grunaðir um að hafa verið liðsmenn eða stuðningsmenn Tamíl Tígranna. Flestir þeirra voru það sem kalla má „fórnarlömb aðstæðna“, nánast eingöngu vegna þess þjóðernishóps sem þeir tilheyrta og aldurs, en Tamíl Tígrarnir höfðu neytt þá til þátttöku í hernaði þegar þeir voru á barnsaldri og eftir að þeir voru farnir af svæðinu beindu herinn og vopnaðir hópar Tamíla spjótum sínum að þeim til að fá upplýsingar um starfsemi Tamíl Tígranna og til að uppræta stuðning við þá.“



Kristján Sigfússon friðargæsluliði við æfingar á vettvangi ásamt félögum sínum í Líbanon.



Kristján Sigfússon t.v. ásamt samstarfsmanni.

Kristján Sigfússon

Líbanon

Verkefnið í Líbanon hófst í janúar 2007 þegar ákveðið var að senda teymi íslenskra sprengjusérfræðinga til Suður-Líbanons til sprengjuleitar og sprengjueyðingar. Sett var saman teymi til þeirra starfa sem samanstóð af tveimur sprengjusérfræðingum frá Landhelgisgæslunni og bráðatækni frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Unnið var í nánú samstarfi við sænsku stofnunina SRSA (Swedish Rescue Services Agency) og Sameinuðu þjóðirnar. Verkefnið með sprengjusérfræðingunum stóð yfir í fjóra mánuði og var töluverðu magni af sprengjum eytt á þeim tíma. Eftir að því lauk í maí 2007 var óskað eftir því við friðargæsluna að hún legði til stöðu yfirmanns sjúkrasviðs SRSA í Líbanon. Það verkefni gekk út á að skipuleggja viðbragðskerfi ef slys bæri að höndum og einnig að þjálfa líbanska sjúkraflut-

ingamenn sem starfa með sprengjuleitar- og sprengjueyðingarteymum. Staðan var síðan mönnuð í samstarfi við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins út árið.

Mikið hreinsunarstarf hefur verið unnið í Líbanon og mikið starf er enn óunnið. Mjög seinlegt er að hreinsa svokölluð klasasprengjusvæði. Ennþá liggja tugir þúsunda ósprunginna klasasprengja á stórum svæðum í Líbanon og skapa þar mikla hættu. Slík hreinsun er eðli málsins samkvæmt býsna hættuleg og mikilvægt er að rétt sé staðið að verki. Áætluð verklok Sameinuðu þjóðanna við sprengjuhreinsun í Líbanon eru í lok árs 2008 og mun staðan hjá SRSA verða mönnuð íslenskum bráðatæknum fram að því.



Kristján Sigfússon

Jónas K. Þorvaldsson sprengjusérfræðingur Landhelgisgæslunnar að störfum með sænskum samstarfsmanni.

„Enginn trúnaður er æðri þeim sem heiminum ber að gegna gagnvart börnum. Engin skylda er mikilvægari þeirri að gæta þess að réttindi barna séu virt. Að velferð þeirra sé gætt, að þau geti lifað óttalaus, búi ekki við skort og að þau alist upp við friðsæld.“

Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna.

Kristján Sigfússon er nýlega kominn heim frá Líbanon úr verkefni á vegum Íslensku friðargæslunnar. Kristján starfaði í Líbanon í tæpt ár og hafði áður starfað fyrir friðargæsluna í Afganistan. Kristján segir hér frá störfum sínum á vettvangi fyrir friðargæsluna.

„Síðasta verkefni mitt fyrir Íslensku friðargæsluna var í borginni Týrus í Suður-Líbanon og var tengt sprengjuleit og sprengjueyðingu. Líbanon er nútímalegt land sem gekk í gegnum mánaðarlangt stríð í ágúst 2006. Í Líbanon býr fólk sem er stolt af eigin þjóðerni og uppruna en flestir vilja að uppbygging fari fram með aðstoð alþjóðasamfélagsins.

Nú starfa um 85 Líbanir hjá SRSA í Líbanon auk nokkurra Svía. Töluverð áhersla er lögð á að fylgjast vel með heilsu fólks sem vinnur slíka vinnu og er það hlutverk yfirmanns sjúkrasviðs að tryggja að það sé gert. Einnig þarf að gera viðbragðsáætlanir fyrir svæðin sem liðin starfa á og gera úttektir á nærliggjandi sjúkrahúsum. Þjálfun heimamanna er stór þáttur í að láta slíkt kerfi ganga upp og fá þeir þjálfun samkvæmt íslenskum stöðlum um menntun sjúkraflutningamanna.“



Jerúsalem.

Erlingur Erlingsson

Dvölin í Jerúsalem

Í löggæzluliði S. Þ. í Palestínu voru 17 manns fyrir er við Sigurður komum þangað. [...] Það er táknað fyrir S. Þ. að hvar sem þær hafa á hendi einhverja starfsemi er að starfi fólk frá fleiri og færri þjóðum. [...]

Heldur voru störfin tilbreytingarlítil hjá okkur og dagarnir liðu hver öðrum líkir í flestu, þó með örfáum undantekningum. Enda var þetta tímabil, sem við Sigurður vorum þarna, eitt hvert það rólegasta í mörg ár. Ég ætla þó ekki að halda því til streitu, að það hafi verið okkur að þakka. [...]

Þegar vopnahlé komst á 1948 höfðu Gyðingar á sínu valdi hæð sem heitir Mt. Scopus og stendur austan við borgina og er næsta hæð norðan við Oliufjallið. Þessi hæð var eins og eyja umlukt yfirráðasvæði Araba. Urðu því S. Þ. að sjá um alla flutninga, sem fram fóru milli aðallandsvæðis Gyðinga og þessarar „eyju.“ Sáum við því um skipti á setuliði staðarins og alla birgðaflutninga til og frá. Þegar ekið var með setulið í brynvörðum bifreiðum um hverfi Araba urðu bifreiðarnar oft fyrir grjótkasti frá vegfarendum. Heldur fannst mér þetta leiðinlegt starf, þar sem við þurftum að grannskoða allan farangur, þeirra hermanna, sem komu og fóru til Mt. Scopus.

Arabískir hermenn fylgdust með þessum skiptum og komu með inn á yfirráðasvæði Gyðinga „eyjunni.“ Við þetta skapaðist allmikil spennan og miðuðu Arabar og Gyðingar byssum sínum hvorir á aðra á meðan staðið var við, en við röltum um svæðið vopnlausir á meðan bifreiðarnar voru affermdar. Heldur fannst mér þetta óraunverulegt allt saman. Ég, íslensk löggætti, sem varla vissi hvað byssa var og fékk raunar ekki byssuleyfi fyrr en löngu seinna, stóð þarna og góndi til skiptis upp í byssukjatta þessara tveggja óvina sem sannarlega litu á þessa samfundi mjög alvarlegum augum. [...]

Eftir á þegar allt er liðið, löngu liðið, virðist allt hafa verið svo skemmtilegt. Ég minnst jólanna á Betlehemsvöllum, páskahátíðarinnar, að hafa lifað þrenn jól á sama ári! Nú hlæ ég jafnframt að svörtu bjöllunni sem gerði mig dauðskelkaðan um hánótt eða eðlunni, sem sat ofan á sænginni minni einn morguninn og glápti á mig eins og ég væri eitthvað öðru vísi en aðrir. – Þetta var allt ágætt, svona eftir á að hyggja.”¹

Fyrstu íslensku friðargæsluliðarnir

Þátttaka Íslands í friðargæslu hófst fyrir tæpum sextíu árum þegar tveir íslenskir lögreglumenn fóru til starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna í Palestínu árið 1950. Annar þeirra, Kristinn Helgason, skrifaði um upplifun sína af friðargæslustörfunum í Lögreglublaðið árið 1967 undir yfirskriftinni *Fyrir 17 árum í Palestínu*.

„Aðdragandi að veru minni í Palestínu var í stuttu máli sá að lögreglustjórinn í Reykjavík auglýsti að tveir löggæslumenn frá Íslandi gætu fengið starfa hjá löggæzluliði Sameinuðu þjóðanna um eins árs skeið. Sigurður E. Ágústsson og ég fengum þennan starfa og lögðum af stað vestur um haf 25. júní 1950. Daginn eftir komum við til New York. [...] Fyrsta mánuðinn sem við Sigurður dvöldum í aðalstöðvunum tókum við þátt í ýmsum námskeiðum ásamt öðrum sem voru þarna í sömu erindum. [...] Það var svo 6. ágúst sem við lögðum af stað til Palestínu með flugvél. [...] Mig minnir að flugtíminn frá New York til Lydda hafi verið 28 klst., sem þætti sjálfsagt eilífðartími í dag. Heldur fannst mér þetta þreytandi flug, næstum í einum áfanga. Maður stytta sér helst stundir við að horfa út um gluggann, því alla leiðina var bjartviðri. Sérstaklega var tilkomumikið að fljúga yfir Alpana og sjá yfir hæstu hnúka og niður í botn á dýpstu dölum á sömu stundu. Seint um kvöldið þann 7. ágúst komum við til Lydda og héldum strax um kvöldið áfram í bíl upp í fjöllin til Jerúsalemborgar, en hún stendur í 800 metra hæð yfir sjó. Þá vorum við komnir á ákvörðunarstað.

¹ Lögreglublaðið, II., árg., 2. tbl., bls. 99-103. Birt með góðfúslegu leyfi Landssambands lögreglumanna.



Unnið að dreifingu matvæla á vegum WFP í Suður-Súdan.

„Friður er ekki aðeins að vera laus við stríð, heldur einnig dyggð, hugarástand, að hneigjast að hinu góða, öryggi og réttlæti.“

Spinoza, heimspekingur.

Súdan

Ingólfur Pálsson starfaði sem birgðastjóri hjá Matvæla-áætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP (World Food Programme) í Suður-Súdan á vegum Íslensku friðargæslunnar sumarið 2007. Hér segir hann frá reynslu sinni af störfunum á vettvangi.

„För mín til Suður-Súdan hófst í höfuðborg svæðisins, Juba. Þar fékk ég að kynnst meginstarfsemi WFP á þessu svæði ásamt því að undirbúa mig undir þau ferðalög sem fyrir lá að ég færi í. Ég settist fljótt niður með birgðastjórum svæðisins og við skipulögðum ferð mína um suðrið. Niðurstaðan var sú að ég myndi ferðast til Rumbek, Wau, Aweil og Malakal.

Helstu verkefni WFP á svæðinu felast í að útvega mat til handa því flóttafólki sem snúið hefur aftur heim, auk þess sem skóla-verkefni eru stór hluti af heildarmyndinni.

Ég fór í eina ferð þar sem gefa átti mat til flóttamanna sem snúið höfðu heim skömmu áður. Við keyrðum í rúmlega klukkutíma út fyrir Rumbek að þorpi sem heitir Wulluk. Áður

en ég kom að þessari matargjöf fór ég þó í heimsókn til menntamálafulltrúa svæðisins og skoðaði skóla sem NRC (Norwegian Refugee Council) hjálpaði til við að viðhalda og byggja. Því miður mistókst matargjöfin þennan daginn. Daginn eftir var farið með nokkrum öryggisliðum, en þann dag var betra veður og því gekk sú matargjöf vel.

Fyrsta daginn minn í Wau var mér tjáð að matargjafir væru hafnar í smáþorpinu Bussere, í um það bil eins og hálf klukkutíma fjarlægð fyrir utan Wau. Ég fékk leyfi frá yfirmanni WFP á svæðinu til þess að skreppa þangað og fylgjast með og má með sanni segja að þar hafi verið allt annað á ferðinni en það sem ég sá í Wulluk nokkrum dögum áður. Raðir voru gríðarlega skipulagðar, öryggisgæsla var góð og reynslan skein af þeim verkefnastjórum sem sáu um matargjafirnar. Allt annað skipulag hér á ferð.

Reynslan sem ég öðlaðist í Suður-Súdan var ómetanleg og tel ég hana varla hafa getað verið betri. Ég kynntist mörgum bæði innan WFP og annarra stofnana ásamt því að fá tækifæri til að kynnst mörgum heimamönnum.“



Guðrún Sif Friðriksdóttir

Baráttukonur í Líberíu.

Líbería

Guðrún Sif Friðriksdóttir starfar sem sérfræðingur hjá UNIFEM í Líberíu á vegum Íslensku friðargæslunnar. Guðrún segir hér frá reynslu sinni af störfum á vettvangi.

„Æi, eru það ekki bara einhverjir strákar í byssuleik? voru viðbrögð mín þegar vinkona mín benti mér á að ég skyldi skoða möguleikana hjá Íslensku friðargæslunni þegar ég var í leit að vinnu við þróunaraðstoð.“

Ég er líklega ekki ein um að hafa haft þetta takmarkaða viðhorf til friðargæslu og því kannski gagnlegt að byrja á örstuttri hugleiðingu um hvað felst í friðarferli. Vissulega er þetta ferli en ekki einföld lausn sem fæst með undirskrift friðarsamnings.

Nýlegar rannsóknir hafa leitt í ljós að á svæðum þar sem átök hafa geysað er hættu á að átök brjótist út á ný næsta áratug eftir að formlega er samið um frið. Það er því ljóst að ábyrgð

umheimsins lýkur ekki við friðarsamkomulag. Það er ekki markmið mitt að gera lítið úr friðargæslu sem byggir á viðveru herliðs. Í Líberíu hefði slíkt lið, ef eitthvað er, átt að koma á vettvang mun fyrr og Líbería gæti varla haldið uppi nokkrum vörnum eða starfað almennilega án þess gríðarlega alþjóðlega stuðnings sem landið nýtur enn tæpum fimm árum eftir undirskrift friðarsáttmála. Því vil ég ekki mæla gegn nauðsyn alþjóðlegs herliðs þegar tilraunir hafa verið gerðar til allra annarra hófsamari leiða án árangurs. Ég vil þó benda á að friðargæsla og friðaruppbygging eru mun viðameira verkefni og ekki síður mikilvæg til þess að koma á varanlegum friði.

Mikilvægt er að huga að því hvaða þýðingu friðarsamningur hefur í raun og þá ekki síður fyrir hverja. Vissulega hefur lífið í Líberíu gjörbreyst frá því ástandi sem ríkti meðan á stríðinu stóð og það fyllir mann bjartsýni að verða vitni að því hvernig skólar og sjúkrahús eru endurbyggð og taka til starfa á ný. Smám saman eru almenningssamgöngur að komast í betra horf

og það er farið að votta fyrir rafmagni til almenningsnota. Einnig hefur fólk nú frelsi til að ganga um götur, halda til vinnu og skóla, að minnsta kosti á meðan bjart er. Fólk þarf ekki að lifa í stöðugum ótta... og þó! Því miður kemur það sterklega fram í starfi okkar hjá UNIFEM að stór hluti samfélagsins lifir enn í ótta.

Nauðgun er algengasti tilkynnti glæpurinn í Líberíu. Talið er víst að hér, rétt eins og annars staðar í heiminum, séu aðeins brot af nauðgunum kærð. Tölur eru á reiki um fjölda þolenda en af því sem við sjáum má gera ráð fyrir að konur og stúlkur (60% af þeim sem tilkynna nauðgun eru 14 ára eða yngri) geti ekki talist óhultar, hvorki í skólum, í vinnu, á eigin heimili né á gangi milli þessara staða. Það er því ljóst að fyrir helming líberísku þjóðarinnar er friðarsamningurinn frá 2003 því miður aðeins upphafið að þeirri vinnu sem fram þarf að fara til þess að hann verði meira en bréfsnifsi með takmarkaða þýðingu fyrir líf þeirra.

Dóms- og lagakerfið í Líberíu er veikburða eftir áralanga spillingu og litla áherslu á umbætur. UNIFEM vinnur nú ötullega að því að koma á breytingum. Á skrifstofu UNIFEM, hér í Líberíu, vinnum við með kynja- og þróunarmálaráðuneytinu, dómsmálaráðuneytinu, lögreglu, dómstólum, tollvörðum, fangavörðum og fleirum til þess að stuðla að vinveittum aðferðum í garð kvenna. Við leggjum fjármagn í umbætur á fangelsum í þeim tilgangi að aðskilja kvenkyns og karlkyns fanga og erum með verkefni í tengslum við sálfræðiaðstoð fyrir þolendur nauðgana. Við erum að skoða það að koma á fót kvennaathvörfum ásamt öðrum verkefnum í tengslum við jafnrétti og ofbeldi gegn konum og viljum auka enn á okkar starf í þessum geira, sérstaklega sem tengist dóms- og lagakerfinu sem og vinnu með gerendum.

Við teljum að sú staðreynd að nauðgunarkærum hafi farið fjölgandi í Líberíu sé ekki til marks um að nauðgunum hafi fjölgað, heldur sé það árangur af skilaboðum UNIFEM, grasrótarsamtaka og stjórnvalda þar sem konur eru hvattar til að tilkynna nauðganir. Nú þegar þessi vinna er farin að skila árangri er fyrir öllu að bregðast ekki konum sem sýna þann kjark að tilkynna ofbeldi sem þær verða fyrir heldur sýna fram á að tekið er á ofbeldismálum af alvöru því annars er hætta á bakslagi.

Að byggja upp land og þjóð eftir nánast gjöreyðingu er stórt og flókið verkefni og eins og í öðrum löndum sem eru í uppbyggingu eftir stríð, eru ýmis ljón á veginum fyrir Líberíu. Konur voru hinsvegar mjög sýnilegar í friðarferlinu á meðan á stríðinu stóð og mega vera stoltar af því að eiga ríkan þátt í því að friðarsamkomulag var undirritað. Það ætti hinsvegar að vera hverjum manni ljóst að ekki er hægt að tala um raunverulegan frið né framfarir meðan helmingur þjóðar lifir í ótta um öryggi sitt. Þeir íbúar landsins sem enn lifa í ótta eiga ekki möguleika á að hafa raunveruleg áhrif á gang mála og því verður lýðræði ekki til staðar nema að nafninu til. Það er forgangsatíði núna að vinna markvisst gegn kynbundnu ofbeldi svo hægt sé að segja með sannni að friðurinn sé kominn til að vera."



Guðrún Sif Friðriksdóttir



© Sameinuðu þjóðirnar

Myndir af nokkrum þeirra sem enn er saknað í kjölfar stríðsátakanna í Kósovo 1998-1999.

Samstarf við UNIFEM á Balkanskaga

Íslendingar hafa lagt þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna fyrir konur eða UNIFEM lið með eftirtektarverðum hætti og eru nú meðal þeirra þjóða sem leggja hvað mest af mörkum til UNIFEM.

Nokkur aukning hefur verið á þátttöku íslenskra kvenna í alþjóðlegum verkefnum á vegum UNIFEM. Nú starfar íslensk kona í höfuðstöðvum UNIFEM í New York og önnur hjá Svæðisskrifstofu UNIFEM í Karíbahafinu. Þessar stöður eru kostaðar af utanríkisráðuneytinu. Þriðja konan starfar á skrifstofu UNIFEM í Líberíu en sú staða heyrir undir Íslensku friðargæsluna.

Íslensk stjórnvöld hafa átt farsælt samstarf við UNIFEM á Balkanskaga síðan árið 1999. Þangað hafa íslenskar konur verið sendar til starfa á vegum Íslensku friðargæslunnar og hafa stjórnvöld lagt fram töluvert fé til verkefnisins. Fyrstu árin var um eitt stöðugildi að ræða en síðan árið 2007 hafa tvær konur starfað samtímis fyrir verkefnið. Verkefnið gengur í dag undir nafninu Balkanverkefnið og hefur aukist og eflst umtalsvert á undanförunum árum.

Skömmu eftir að stríðinu í Kósovo lauk árið 1999 fór Gréta Gunnarsdóttir, embættismaður í utanríkisráðuneytinu, til Kósovo. Einn þeirra staða sem hún heimsótti var nýopnuð skrifstofa UNIFEM. Framkvæmdastýra skrifstofunnar útskýrði þörfinna fyrir samstarf og stuðning við skrifstofuna. Gréta hafði frumkvæði að því að koma á samstarfi við UNIFEM á Balkanskaga sem hefur haldist alla tíð síðan.

Fyrsti sérfræðingurinn, sem var sendur til Kósovo árið 2000, var Kristín Ástgeirsdóttir núverandi framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu. Hún er fyrrum þingkona og þekktur sérfræðingur á sviði jafnréttismála. Kristín lagði megináherslu á að efla stjórnmalabátttöku kvenna á svæðinu. Hrund Gunnsteinsdóttir þróunarfræðingur tók við af Kristínu árið 2001. Meðal þess sem Hrund kom að var að skipuleggja vinnusmiðju þar sem stjórnmalakonur og konur úr frjálsum félagasamtökum leiddu saman hesta sína. Í kjölfar þessarar vinnusmiðju var stofnuð jafnréttisskrifstofa í Kósovo auk þess sem vinna hófst við gerð jafnréttislaga.

„Það er ekki nóg að tala um frið. Það þarf að trúa því að friður geti komist á. Auk þess að trúa því að friður geti orðið, þarf að vinna að því að friður komist á.“

Eleanor Roosevelt, baráttukona fyrir mannréttindum.

Árið 2002 tók Margrét Heinreksdóttir, lögfræðingur og sérfræðingur í mannréttindalögum, við af Hrund. Á þeim tíma sem Margrét var í Kósóvó var gefin út framkvæmdaáætlun fyrir svæðið. Bjarney Friðriksdóttir mannréttindafræðingur tók við af Margréti árið 2003 og var í Kósóvó allt til ársins 2006. Á þeim tíma sem Bjarney var í Kósóvó ættleiddu stjórnvöld framkvæmdaáætlunina fyrir svæðið og gerðu hana að sinni.

Árið 2007 voru tveir íslenskir sérfræðingar við störf hjá UNIFEM á Balkanskaga. Önnur var Nanna Magnadóttir lögfræðingur sem kom til starfa hjá UNIFEM á Balkanskaga árið 2006. Hún sá um að opna skrifstofu UNIFEM í Serbíu og starfaði sem verkefnisstjóri þar. Meginverkefni hennar sneru að vinnu í tengslum við endurgerð stjórnarskráa í löndum á Balkanskaga og að fella kynjasjónarmið inn í þá vinnu.

Auður H. Ingólfssdóttir, sérfræðingur í alþjóðasamskiptum, starfar fyrir UNIFEM í Makedóníu. Auður stýrir nú skrifstofu UNIFEM í Makedóníu í fjarveru skrifstofustýru. Meðal verkefna Auðar hefur verið ráðgjöf við svæðisbundið verkefni UNIFEM sem snýr að þátttöku kvenna við friðaruppbyggingu á Balkanskaga í anda ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr 1325. Hlutverk Auðar hefur verið að skipuleggja verkefnið og ýta því úr vör.

Íslensk stjórnvöld hafa fjármagnað hluta verkefna UNIFEM á Balkanskaga frá upphafi. Forsvarsmenn UNIFEM á alþjóðavísu hafa sagt verkefnið til fyrirmyndar í tvíhlíðasamvinnu milli stjórnvalda og alþjóðastofnunar.

Í NÆRMYND



Auður H. Ingólfssdóttir starfar sem ráðgjafi hjá UNIFEM í Makedóníu á vegum Íslensku friðargæslunnar, en starfaði áður sem friðargæsluliði á Srí Lanka. Auður lýsir hér reynslu sinni af því að vinna á vettvangi fyrir Íslensku friðargæsluna.

Friðargæsluliði: Auður H. Ingólfssdóttir.

Fædd: Akureyri, 22. ágúst 1970.

Menntun: MA í alþjóðasamskiptum með áherslu á alþjóðlega samningatækni og friðsamlega lausn deilumála auk alþjóðlegrar umhverfis- og auðlindastefnu.

Fyrri störf: Sjálfstætt starfandi ráðgjafi í umhverfismálum, sérfræðingur á alþjóðaskrifstofu umhverfisráðuneytisins og verkefnisstjóri hjá Háskóla Íslands í meistaranámi í umhverfisfræðum.

„Ég hef starfað sem ráðgjafi hjá UNIFEM í Makedóníu frá því í ágúst 2007. Verkefnið er annað í röðinni sem ég hef sinnt fyrir Íslensku friðargæsluna því árið 2006 dvaldi ég á Srí Lanka í sjö mánuði, þar sem ég starfaði við vopnahléseftirlit. Þessi tvö störf lýsa vel breidd þeirra verkefna sem Íslenska friðargæslan sinnir, því um gjörólík störf er að ræða. Þráðurinn sem tengir verkefnin tvö er engu að síður skýr, því í báðum tilfellum er markmið starfsins að koma í veg fyrir ofbeldi og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála.“

Á Srí Lanka dvaldi ég á ófriðarsvæði þar sem starfið fólst í því að fylgjast með brotum á friðarsamkomulagi og skrásetja atburði. Þessu fylgdi sú skylda að mæta á vettvang og sjá með eigin augum þann mannlega harmleik sem skapast í ofbeldisfullum átökum.

Í Makedóníu starfa ég fyrir UNIFEM, sem er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna, að verkefnum sem miða að því að vinna með stjórnvöldum og frjálsum félagasamtökum til að tryggja að jafnréttissjónarmið sé gætt við uppbyggingu ríkja í kjölfar stríðsátaka á Balkanskaga. Þetta felur í sér að starfa með stjórnvöldum við lagasetningu og stefnumörkun og með frjálsum félagasamtökum til að skapa pólitískan þrýsting svo stjórnvöld framfylgi lögum og reglum. UNIFEM er eins konar milliliður ríkja, sem veita fjármagn til verkefna, og stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka í viðkomandi löndum sem sjá um framkvæmdina. Sem starfsmaður UNIFEM aðstoða ég við að velja samstarfsaðila og veiti faglega ráðgjöf til að tryggja að fjármagn sé nýtt á sem bestan hátt til að ná settum markmiðum.

Þó tími vopnaðra átaka á Balkanskaga sé liðinn ríkir enn spennan undir niðri milli ólíkra þjóðarbrot. Þeir sem upplifðu stríðsátökin hafa engu gleymt og margt sálartetrið hefur ekki enn gróið sára sinna. Miklu skiptir að vanda til verka við samfélagslega uppbyggingu í kjölfar átaka til að tryggja að ófriðarbál blossi ekki upp að nýju. Í þessu samhengi hafa konur á Balkanskaga mikið fram að færa og öll vinna UNIFEM miðar að því, með einum eða öðrum hætti að tryggja að rödd þeirra heyrir.



© Sameinuðu þjóðirnar

Albönsk börn í Kósóvó dansa þjóðdansa.

Nanna Magnadóttir tók nýverið við stöðu forstöðumanns skrifstofu Evrópuráðsins í Kósóvó, með aðsetur í Pristína. Nanna starfaði áður sem jafnréttisráðgjafi fyrir svæðisáætlun UNIFEM í Suðaustur Evrópu. Hún skrifar hér um reynslu sína af starfinu fyrir UNIFEM.

„Ég starfaði sem jafnréttisráðgjafi fyrir svæðisáætlun UNIFEM í Suðaustur Evrópu frá 1. maí 2006 til 15. janúar 2008 og gegndi stöðu forstöðukona skrifstofu UNIFEM í Belgrad í Serbíu. Ég var ábyrg fyrir verkefnum sem sneru að Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna eða CEDAW, jafnréttislöggjöf, evrópskum samruna og þátttöku ungra kvenna auk þess sem ég var tengiliður UNIFEM við Bosníu og Hersegóvínu sem og Svartfjallaland.

Þegar ég hóf störf var engin UNIFEM skrifstofa í Belgrad heldur hafði UNIFEM stýrt nokkrum litlum verkefnum frá svæðisskrifstofu UNIFEM í Bratislava. Ég hlaut því eldskírn í upphafi þar sem það kom í minn hlut að opna skrifstofu, ráða fólk, finna samstarfsaðila meðal yfirvalda, frjálsra félagasamtaka og annarra alþjóðastofnana og koma af stað verkefnum.

Það var af nógu að taka og tveim vikum eftir að ég kom til Belgrad var haldinn samráðsfundur kvenna frá Bosníu og Hersegóvínu, Kósóvó, Serbíu og Svartfjallalandi. Þátttakendur komu úr opinbera geiranum, fræðumhverfi og frjálsum félagasamtökum og í tvo daga ræddum við um stöðu kvenna á þessum stöðum og vandamálin sem þær stóðu frammi fyrir. Úr þessu varð verkefni sem kanadíska þróunarstofnunin styrkti og stuðlaði að þátttöku kvenna í endurskoðun stjórnskráa og að bættum efnahagslegum réttindum þeirra.

Bakgrunnur minn, sem lögfræðingur með sérþekkingu á mannréttindum hentaði þessu verkefni mjög vel og ég stýrði því þar til ég lét af störfum hjá UNIFEM. Stjórnskrárvinnan var einkar áhugaverð en að sama skapi krefjandi. Pólitískt umhverfi í Suð-

austur Evrópu er óstöðugt og þar sem Balkanstríðin á 9. áratugnum skiptu fólki í fylkingar eftir uppruna er alltaf hætt við ofuráherslu á minnihlutahópa á kostnað annarra hópa, svo sem kvenna. Það reyndist sérstaklega vel að tengja stjórnskrárvinnuna við Kvennasáttmála SP og nota þá röksemdafærslu að þau réttindi sem kveðið er á um í sáttmálanum ættu einnig heima í stjórnskrám. Þessi vinna reyndist vel í því augnamiði að koma konum svolítið á kortið að því leyti að stjórnskrárvinna er yfirleitt í höndum stjórnmalaflokka. Á Balkanskaganum eru fáar konur í stjórnmalum og það að þær skildu skipta sér af þessum mikilvæga málaflokki, veitti þeim ákveðna virðingu stjórnmalamanna og vakti athygli almennings. Þess má geta að í október 2007 var ný stjórnskrá staðfest fyrir Svartfjallaland og að mikið af vinnu UNIFEM skilaði sér inn þar, til að mynda með ákvæðum um jafnréttisáætlanir, tímabundnar aðgerðir til að jafna stöðu kvenna og svo mætti lengi telja.

Smæð sjóðsins gerir það að verkum að það er eftir því tekið þegar dyggilega er stutt við hann. Þannig kom tölvupóstur frá yfirstjórn UNIFEM til allra starfsmanna haustið 2007 þegar í ljós kom að Ísland hygðist tvöfalda framlög sín til sjóðsins. Með hækkuninni voru fjárhæðir þær sem Ísland veitti í sjóðinn þær hæstu sem Ísland veitti stofnun Sameinuðu þjóðanna á árinu 2007. Tölvupósturinn sem ég fékk, sem starfsmaður sjóðsins, sagði því „UNIFEM is number one with Iceland“ og var augljóst að það ríkti töluverð gleði yfir því að svo vel væri gert við sjóðinn. Sjálfri finnst mér það skynsamlegt af Íslensku friðargæslunni og utanríkisráðuneytinu, sem hefur ekki ótakmörkuðu fé að verja í uppbyggingu eftir stríðsátök eða þróunarvinnu, að styrkja verkefni, sem annað hvort beinast að ákveðnum málaflokki eða ákveðnu landsvæði, til þess að sýnilegri árangur náist.“

Lögregluverkefni ESB

Ísland hóf á ný þátttöku í lögregluverkefni ESB í Bosníu og Hersegóvínu í ársbyrjun 2007 eftir um árshlé. Tveir lögreglu-menn störfuðu í Bosníu síðastliðið ár við verkefnið, en EUPM styður við starf lögregluliðs heimamanna og vinnur að umbót-um, auk rannsóknaraðstoðar vegna stærri mála, upprætingu spillingar og skipulagðrar glæpastarfsemi o.fl.

Jónas Helgason lögreglumaður segir frá reynslu sinni af lögregluverkefni Evrópusambandsins á Balkanskaga á vegum Íslensku friðargæslunnar.

„Lögregluverkefni Evrópusambandsins EUPM (European Union Police Mission) hefur verið starfrækt í Bosníu síðan 2003. Þar áður höfðu Sameinuðu þjóðirnar annast friðargæslu, fyrst verndarlið Sameinuðu þjóðanna (UNPROFOR) en síðan Alþjóðalög-gæslusveitin (IPTF). Áherslur verkefnsins hafa verið margvísle-gar á þessum tíma en nú er lögregluverkefni Evrópusambands-ins á sínu þriðja stigi (EUPM III). Megináherslurnar hafa þróast frá því að þjálfar og leiðbeina heimamönnum yfir í umbætur á starfi lögreglunnar. Verkefnið er víðfeðmt og gengur ekki þrautalaust fyrir sig. Nýlega samþykktu þingmenn lagasetn-ingu sem tryggja á umbætur sem ekki allir eru ásáttir um, þó Evrópusambandið sé hæstánægt með þetta skref. Evrópusam-bandið setti það sem skilyrði að umbætur á lögreglunni ættu sér stað í aðdraganda þess að Bosnía undirritaði samstarfs-samning við Evrópusambandið. Ef til vill er von fyrir land og lýð til þess að eiginlegar framfarir eigi sér stað 12 árum eftir stríðs-lok. Ekki hefur þó lögregluverkefni Evrópusambandsins sleppt hendinni af meginverkefni undanfarinna ára sem er þjálfun og leiðbeiningar til handa heimamönnum. Mikil áhersla er lögð á að heimamenn nái tökum á þeirri skipulögðu glæpastarfsemi sem þrífst í landinu. Þetta er vandasamt verk því spilling er ríkjandi, bæði innan lögreglunnar og hjá ráðamönnum. Afskiptaleyzi og íhlutun stjórnmálamanna, dómara og lög-reglumanna hefur því miður gert það að verkum að glæpa-mönnum hefur orðið verulega ágengt við iðju sína. Í Bosníu, sem eitt sinn var hjarta iðnaðar í Júgóslavíu, er hvorki iðnaður né framleiðsla lengur.

Meðallaun þeirra sem eru svo heppnir að hafa atvinnu eru um 200 evrur á mánuði, en áætlað er að atvinnuleysi sé á bilinu 40-50% og enn hærra í sumum landshlutum. Til samanburðar má geta þess að meðal matarkarfa kostar 200 evrur á mánuði þannig að óhætt er að segja, að minnst kosti á íslenskan mæli-kvarða, að heimamenn búi við afar kröpp kjör.

Á þessum 12 mánuðum sem ég hef verið hér í Bosníu og Hersegóvínu hef ég lengst af búið í Pale, fyrrum höfuðvagi Bosníu-Serba, í um 15 kílómetra fjarlægð frá Sarajevó. Ég hóf störf þar á skrifstofu lögregluverkefnis Evrópusambandsins um miðjan



Guðmundur Fylkisson lögreglumaður ásamt samstarfsmönnum í EUPM í Bosníu og Hersegóvínu.

maí síðastliðinn. Pale er miðstöð skipulagðrar glæpastarfsemi í Republika Srpska (RS) og því nóg að gera fyrir starfsmenn lögregluverkefnis Evrópusambandsins þar. Svæðið sjálft er líka víðfemt en allt í allt eru 17 lögreglustöðvar sem heyra undir Pale. Ég hafði leiðbeiningar-, þjálfunar- og ráðgjafahlutverk og átti ég nánast daglega fundi með heimamönnum þar sem farið var yfir hin ýmsu mál, rannsóknir og rannsóknaraðferðir allt að sjálfsögðu með það að leiðarljósi að færa lögregluna nær evrópskum stöðlum og vinnuaðferðum.

Í byrjun október hóf ég störf við stríðsglæparannsóknir en sett var á laggirnar fjögurra manna teymi sem fór með rannsókn á hlutverki lögreglumanna í fjöldamorðunum í Srebrenica í júlí 1995. Frá janúarbyrjun gegndi ég leiðtogahlutverki innan þessa teymis þar til ákveðið var að leggja rannsókn málsins til hliðar um stundarsakir í byrjun apríl þessa árs.

Frá því í byrjun apríl hef ég sinnt sérverkefni ásamt breskum sérfræðingi og sænskum samstarfsmanni, en okkur er ætlað að yfirfara, rannsaka og leiða til lykta nokkur óleyst morðmál. Öll eiga þess mál það sameiginlegt að tengjast á beinan hátt skipulagðri glæpastarfsemi en tvö þessara mála varða morð á háttsettum lögreglumönnum.”



Urður Gunnarsdóttir

Frá kosningaeftirliti ÖSE.

„Lýðræði er markmið. Lýðræðisvæðing er ferli. Lýðræðisvæðing er í þágu friðar, því með lýðræðinu skapast vettvangur fyrir réttlæti og framsæknar breytingar án þess að aflsmunum sé beitt.“

Boutros Boutros-Ghali, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna.

Kosningaeftirlit

Kosningaeftirliti á vegum lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ODIHR) er ætlað að tryggja frjálsar og lýðræðislegar kosningar í aðildarríkjum samtakanna.

Sautján Íslendingar fóru til kosningaeftirlitsstarfa hjá ÖSE á vegum Íslensku friðargæslunnar á árinu 2007. Starfsfólk í kosningaeftirliti hefur flest starfsreynslu úr fjölmiðlun, stjórn mála- starfi, háskólasamfélaginu og öðrum skyldum störfum. Alls fóru níu karlar og átta konur til starfanna.


Tvær kvennanna tóku þátt í svokölluðu langtíma kosningaeftirliti og voru því við störf í nokkrar vikur samfleytt, bæði í aðdraganda og kjölfar kosninganna. Starf langtímaeftirlitsfólksins felst í að fylgjast með fjölmiðlaumfjöllun, heimsækja kosningastjórnir, ræða við ráðamenn og búa í hagin fyrir skammtíma kosningaeftirlitsfólk.

Íslendingar hafa jafnframt farið til kosningaeftirlits í skemmri tíma en þær ferðir vara gjarnan í um viku. Í því felst eftirlit með kjörstöðum á kjördag, talningu og frágangi kjörgagna.

Kynjaskipting í Íslensku friðargæslunni 2007

Kynjaskipting í friðargæslu með tilliti til tímaframlags

Konur 39% Karlar 61%




Árið 2007 störfuðu 74 einstaklingar á vegum Íslensku friðargæslunnar á vettvangi. Þar af voru 53 karlar eða 72% og 21 kona eða 28%. Karlar eru því í meirihluta þeirra útsendu friðargæsluliða sem voru að störfum árið 2007. Þegar litið er til lengdar samningstíma eru konur almennt lengur á vettvangi en karlar. Í þessum samanburði er tímaframlag kvenna meira eða 39% og karla 61%.

Myndin breytist þegar litið er til seinni hluta árs, en þá fjölga konum sem hlutfall af útsendum friðargæsluliðum um 11% og fer upp í 38% og hlutfall karla að sama skapi niður í 62%. Seinni hluta árs 2007 og í byrjun árs 2008 hefur hlutfall tímaframlags kvenna hjá Íslensku friðargæslunni aukist og er nú á bilinu 40-45% sem er eitt hæsta hlutfall kvenna í friðargæslu í heiminum.


Kynjaskipting í friðargæslu

Konur 28% Karlar 72%




Kynjaskipting fyrri hluta árs 2007

Konur 27% Karlar 73%



Kynjaskipting seinni hluta árs 2007


Konur 38% Karlar 62%




Rekstrartölur

Fjárheimildir friðargæslunnar fyrir árið 2007 voru 600,6 milljónir, en afgangur varð af rekstri ársins 2006 sem yfirfærðist á árið. Reksturinn var því innan fjárheimilda ársins.

Kostnaðarskipting eftir verkefnastað



Tegund kostnaðar





ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ